

*Kynning á frambjóðendum til stjórnar
Frjálsa lífeyrissjóðsins á aðalfundi
þann 30. maí 2018*

*Sigurður H.
Ingimarsson*

Fæddur 1953.
Sérfræðingur á greiningarsviði
Skattrannsóknarstjóra ríkisins.



Markmið með framboðinu

Að vera þátttakandi í því að efla rekstur sjóðsins á öllum sviðum með hagsmuni sjóðsfélaga að leiðarljósi.

Að vera þátttakandi í því að bæta allt verklag við allar fjárfestingarákvarðanir sjóðsins.

Að vera þátttakandi í því að innleiða og leggja áherslu á mikilvægi góðra stjórnarháttar, upplýsingagjafar og gegnsæis.

... Og að vera þar með þátttakandi í því að gera góðan sjóð enn betri.

[Sjá bakhlið >](#)

Starfsferill

Hef starfað sem sérfræðingur á greiningarsviði skattrannsóknarstjóra ríkisins frá árinu 2010.

Leiddi samninganefnd skattrannsóknarstjóra ríkisins við kaup á skattaskjólsgögnum 2015.

Hef verið tengiliður skattrannsóknarstjóra ríkisins við Bundeskriminalamt (BKA) í Þýskalandi í tengslum við úrlausn mála í kringum Panamaskjölin, Paradísarskjölin og fleiri skyld mál.

Hef á vegum stofnunarinnar setið í þremur starfshópum, skipuðum af fjármála- og efnahagsráðuneytinu:

Starfshópur um mótun aðgerðaráætlunar gegn skattsvikum og skattaskjólum.
Starfshópurinn skilaði m.a. af sér tillögum að breytingu á tekjuskattslögunum í júlí 2016.

Starfshópur, sem hafði það hlutverk, að leggja mat á umfang fjármagnstílfærslna og eignaumsýslu á aflandssvæðum. Starfshópurinn skilaði af sér skýrslunni «Aflandsvæðing Íslands» í september 2016.

Starfshópur, sem hafði það verkefni, að kanna og greina nánar niðurstöður Aflands-skýrslunnar um milliverðlagningu í utanríkisviðskiptum, þ.m.t. faktúrufölsun.
Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu í júní 2017.

Var á árunum 1979 til 1981 framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélags Íslands og þar með framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins, en félagið sá um rekstur sjóðsins á þeim tíma.

Félagið stundaði jafnframt «leasing» starfsemi og rak Verðbréfamarkað í húsakynnum lðnaðarbankans við Lækjargötu.

Kom á þessum árum að innleiðingu verðtryggingar í fasteignaviðskiptum með stofnun Fasteignamarkaðar Fjárfestingarfélagsins í húsnaði SPRON að Skólavörðustíg.

Starfaði um tveggja ára skeið (1986 – 1987) hjá Marel hf. fyrst sem fjármálastjóri og síðan sem framkvæmdastjóri og var fenginn til að gera tillögur að endurskipulagningu rekstrar en á þessum árum stóð félagið frammi fyrir alvarlegum rekstrarerfiðleikum.

Stóran hluta starfsævinnar eða í 19 ár starfaði ég sem framkvæmastjóri Jóhanns Ólafssonar & Co. Félagið breyttist úr því að vera, á árinu 1988, lítið félag, sem stundaði innflutning á ljósaperum, yfir í félag, sem stundaði fjölbreytta atvinnustarfsemi, undir merkjum fimm dótturfélaga. Árleg velta óx jafnt og þétt, hagnaður óx samsvarandi og þar með eiginfjárstaðan og þegar upp var staðið á árinu 2007, þegar ég sagði starfi mínu lausu, var árleg velta komin upp í 1.800 milljónir og starfsmannafjöldi komin í 70 manns.

Önnur störf:

Veltir hf. Umboðsaðili Volvo. Fjármálastjóri.

Traust hf. Sérhæfði sig í smíði tækja og búnaðar fyrir fiskiðnaðinn. Fjármálastjóri.

Menntun

1974. Stúdent af hagfræðibraut Verslunarskóla Íslands.

1978. Cand. Oecon frá Háskóla Íslands af fyrirtækjakjarna með reikningshald og endurskoðun sem sérsvið.

2011. Löggingling í verðbréfavíðskiptum frá Háskólanum í Reykjavík.

Ýmis ár. Nokkur námskeið fjármálalegs eðlis hjá Harvard Business School í Boston.